

Eins og fangi ætíð skal fram bera bænir sínar og önnur erindi með kurteysi og högværd, þannig skal honum alvarlega boðið að fylgja sannleikanum strengilega, þegar hann hefir eitthvað upp að bera eða um að kvarta. Öll ósannindi eða jafnvel ranghermi hefir hegningu í för með sér.

Haldi fangi, hvort sem er á degi eða nóttu, að svo bráðrar hjálpar sé þörf í einu eða öðru sem við liggur, að eigi þoli það bið, uns umsjónarmaðr vitjar hans, má hann hringja klukkunni (berja á dyr sínar). Aptr á móti sætir það hegningu, ef hann kallar umsjónarmann að nauðsynjalausu.

11. gr. Föngunum í hegningarstofnuninni má veita einstakar ívilnanir, ef þeir hegða sér vel og misbrúka þær ekki. Þvílíkar ívilnanir eru:

Sérhver fangi skal hjá sér hafa hina alménnu sálmabók og nýtestamentið, en getr að anki úr bókasafni stofnunarinnar fengið til láns guðsorðabækur og því um lík uppbyggileg rit.

Hann getr fengið skriffæri, svo hann öðlist kost á að rita hjá sér það, sem hann hefir lesið sér til nytsamt og lærdómsríkt, og eins sér til æfingar í að selja fram og útlista hugsanir sínar.

Að fengnu leyfi lögreglustjórans getr hann skrifað ættingjum sínum til eða öðrum, sem ekki koma hegningarstofnuninni við. Það segir sig sjálfst, að bréf fanga hljóta að vera heiðvirð og kurteys. Sé efni þeirra á þá leið, að hegningarhús-stjórnin hljóti að skorast undan að senda þau, verða bréfin eyðilögð, og fangi látinn vita af því.

Fangi má taka á móti bréfum út í frá með leyfi lögreglustjórans, þegar ekkert er í þeim, sem stjórnin áltr honum ekki hæfa að vita.

Frændr fanga mega vitja hans í herbergi, sem til þess er ætlað, og í viðrúst umsjónarmannsins, ef stjórnin hefir ekkert við það að athuga.

Fangi getr skorast undan að tala við þá menn, sem eigi eru viðriðnir hegningarhúsið.

Eins og í 9. gr. segir, getr hann fengið leyfi til að styrkja nánustu ættingja sína, eða verja helmingnum af vinnu arði sínum eptir nærmeira leyfi stjórnarinnar til að kaupa þarflega og nytsama muni.

12. gr.

Hegði fangi sér illa mun það leiða af sér hegningu eptir tilskip. 5. jan. 1874, og er það aptr afleiðing hegningarinnar, að honum verðr ekki veitt neitt af ívilnunum þeim, sem nefndar eru í 11. gr., allra sist næsta missiri á eptir.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 22. dag júnímán. 1874.

*Hilmar Finsen.*

*Jón Jónsson.*

*Bréf ráðgjafans fyrir Ísland (til landshöfðingjans yfir Íslandi).*

4  
8da  
ágúst.

Eptir allraþegnsamlegustu tillögu mínni hefir hans hátígn konunginum í dag allra mildilegast þóknast að úrskurða, að veita megí fyrir árin 1874 og 1875 sjúkrahúsi því, sem stofnað er á Akreyri, styrk af efnun hins íslenska læknasjóðs, er nemr alt að helmingi kostnaðar sjúkrahússins samkvæmt reikningi þeim, er saminn verðr af sjúkrahússtjórninni og sendr stíptysfirvöldunum, þó ekki framýfir 200 rd. ár hvert.

Þetta er hér með þjónustasamlega kunnngjört herra landshöfðingjanum Yðr til leiðbeiningar, og til þess, að Þér birtið það.